

**57. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,  
Stillholti 16-18,  
20. March 2017 og hófst hann kl. 16:15**

**Fundinn sátu:**

Einar Brandsson formaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Kristín Sigurgeirsdóttir áheyrnarfulltrúi, Jóhannes K. Guðjónsson áheyrnarfulltrúi, Stefán Þór Þórðarson varamaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfisviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi og Sindri Birgisson.

**Fundargerð ritaði:** Stefán Þór Steindórsson, byggingarfulltrúi.

**Fyrir tekið:**

**1. 1703112 - Guðlaug - styrkumsókn 2016 Framkvæmdasjóður ferðamannastaða**

Veittur var styrkur framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

*Skipulags- og umhverfisráð fagnar ákvörðun stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða um úthlutun 30.000.000 kr. styrk til að byggja heita laug sem staðsett verður í grjótvörn við Langasand á Akranesi. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að fjárfestinga- og framkvæmdaráætlun ársins 2017 verði endurskoðuð með tilliti til styrkveitingarinnar.*

**2. 1604011 - Deilisk. Sementsreits**

*Drög að deiliskipulagsgögnum lögð fram.*

**3. 1702052 - Ægisbraut 2-4 - sameining lóða og stækkun húss**

Fyrirspurn til skipulags- og umhverfisráðs frá framkvæmdarstjóra Þróttar ehf.

*Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að fara yfir málið í skipulagslegu tilliti og ræða við fyrirspyrjanda.*

**4. 1702196 - Fagrilundur 9,11,13 og 15 - umsókn um byggingarlóðir**

Umsókn um raðhúsaloðir við Fagralund 9, 11, 13 og 15.

Bæjarráð vísar umsókninni til umsagnar hjá skipulags- og umhverfisráði.

*Málið kynnt. Sviðsstjóra falið að yfirfara málið frekar með umsækjanda og skipulagshöfundum svæðisins.*

**5. 1701178 - Deilisk. Skógarhverfis 1. áfangi - Álmskógar 2-4**

Grenndarkynningu lauk 14. mars s.l., engar athugasemdir bárust.

*Einar Brandsson vék af fundi undir þessum dagskrárlíð.*

*6.2.2017 samþykkti skipulags- og umhverfisráð að grenndarkynna skipulagsbreytingar á lóðum við Álmskóga 2-4. Breytingin felst í að færa bílastæði og auka byggingarmagn lóða úr 155 m<sup>2</sup> í 170 m<sup>2</sup> þannig að nýtingarhlutfall breytist úr 0,28 í*

0,30 fyrir lóð nr. 2 og úr 0,27 í 0,29 fyrir lóð nr. 4.

Grenndarkynnt var fyrir fasteignaeigendum við Álmskóga 1,3,5,6,7,8 og 10 og við Asparskóga 2,4 og við Eikarskóga 1,3.

Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að breyting á deiliskipulagi verði samþykkt í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. Breytingin verði auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og send Skipulagsstofnun.

**6. 1703108 - Stillholt 17, Mál vegna óleyfisframkvæmda**

Byggingarfulltrúi fór yfir stöðu málsins.

**7. 1702037 - Styrkir til viðhalds fasteigna - 2017**

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að eftirfarandi götur njóti styrks til viðhalds fasteigna 2017:

Mánabraut, Suðurgata frá Akursbraut að Skagabraut, Merkigerði frá Suðurgötu að Kirkjubraut, Sunnubraut, Akurgerði frá Suðurgötu að Kirkjubraut.

**8. 1612066 - Umhverfismál á Akranesi - fyrirspurn**

Lögð fram skýrsla vegna fyrirspurnarinnar.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir svör við fyrirspurn Harðar Ó. Helgasonar um umhverfismál.

**9. 1607058 - Akraneshöll - nýtt gervigras**

Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að bjóða út verkið á grunni fyrirbyggjandi útboðsgagna.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.

Eina Þorvaldsson  
Slefa Þorvaldsson  
Kristín Ólafsdóttir  
Valgerður S. Jónsdóttir  
Sig. Þ. H.  
Sam í fyr þeim  
Sindri Bergsson